

75  
21. sept.

## BRÁÐABIRGÐALÖG

um

breyting á lögum nr. 18, 19. júní 1922 um fiskimat.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Með því atvinnu- og samgöngumálaráðuneyti Vort hefir þegnlega borið upp fyrir Oss, að nýlega sé aftur farið að flytja saltfisk lausan í skipum til Spánar, sem hætt hafi verið við um nokkurt skeið vegna þess að talin var hætt á skemmdum á fiskinum í þeim flutningum, og með því að Spánarmarkaðinum er talin stafa hætt af þessari flutningsaðferð, ef hún yrði nú aftur tekin upp að nokkru ráði, teljum Vér það brýna nauðsyn að gefa út bráðabirgðalög um þetta efni samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar 18. maí 1920.

Því bjóðum Vér og skipum þannig:

1. gr.

3. málsgrein 1. gr. laganna orðist svo:

Allur fiskur, sem fluttur er til Spánar, skal vera bundinn í bagga og vera í hæfilegum umbúðum að dómi matsmanna. Sama gildir um fisk, sem fluttur er til hinna annara Miðjarðarhafslanda, ef hann er fluttur til þessara landa um önnur lönd.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Skaganum, 21. september 1930.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**  
(L. S.)

*Tryggvi Þórhallsson.*